



Alþingi
Erindi nr. P 138/2594
komudagur 28.S. 2010

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

28. maí 2010.

Minnisblað til viðskiptanefndar

Almennar upplýsingar um meðferð á rannsókn mála, sbr. 2. gr. frumvarps til breytinga á samkeppnislögum, 572. mál

Á fundi viðskiptanefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, 572. mál, var þess óskað að Samkeppniseftirlitið gerði skriflega grein fyrir meginþáttum í rannsókn máls, þar sem til athugunar væri að beita ákvæði nýs c-liðar 16. gr. samkeppnislaga, sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Skilgreining máls og markaða - upplýsingaöflun

Við rannsókn á máli af þessu tagi verður í upphafi að afmarka málið. Það er m.a. gert með því að skilgreina markaði málsins. Annars vegar verður að skilgreina svokallaðan vöru- eða þjónustumarkað, þ.e. markað fyrir vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Hins vegar verður að skilgreina landfræðilegan markað málsins, en til hans telst það svæði þar sem hlutaðeligandi fyrirtæki tengjast framboði og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu. Það fer eftir aðstæðum á hverjum markaði hvort landfræðilegur markaður telst vera afmarkað svæði á Íslandi, Ísland allt, eða stærra svæði.

Samhliða og í framhaldi af skilgreiningu markaða verður að afla ítarlegra upplýsinga um aðstæður á viðkomandi mörkuðum, ásamt því að nýta upplýsingar úr fyrri rannsóknnum eftirlitsins. Þannig er t.d. leitað upplýsinga um veitu og e.a. annarra upplýsinga sem gefa til kynna stöðu viðkomandi fyrirtækja á markaði. Þá er aflað margvíslegra upplýsinga frá aðilum máls, keppinautum á viðkomandi markaði, og e.a. öðrum hagsmunaaðilum.

Andmælaskjal

Telji Samkeppniseftirlitið að íþyngjandi ákvörðun kunni að verða tekin í málinu er tekin saman greinargerð sem nefnist andmælaskjal. Í andmælaskjalinu skal helstu atvikum málsins lýst og greint frá því að tilteknar aðstæður eða háttsemi kunni að fara gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða kunni að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Andmælaskjalið er ritað í því skyni að stuðla að því að málið sé að fullu upplýst áður en ákvörðun er tekin og í því skyni að auðvelda aðila að nýta sér andmælarétt sinn. Andmælaskjalið er sent málsaðilum og þeim gefinn hæfilegur frestur til að gera skriflegar athugasemdir við það og koma að frekari skýringum og gögnum.

Ákvörðun - rökstuðningur

Að fram komnum öllum sjónarmiðum og gögnum tekur Samkeppniseftirlitið formlega ákvörðun í málinu. Sé það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins beita íhlutun, s.s.



uppskiptingu fyrirtækis, verður eftirlitið að leiða í ljós með skýrum hætti þær samkeppnishömlur sem um er að tefla. Jafnframt verður að ganga úr skugga um að ekki sé fyrir hendi jafnárangursríkt úrræði sem er minna íþyngjandi. Rökstuðningur Samkeppniseftirlitsins fyrir ákvörðunum í stærri málum er að jafnaði mjög ítarlegur.

Endurskoðun – frestun réttaráhrifa

Þegar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hefur verið tekin geta viðkomandi fyrirtæki skotið henni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og eftir atvikum til dómstóla. Sé um uppskiptingu fyrirtækis að ræða gildir sú undantekningarregla, til hagsbóta fyrir viðkomandi fyrirtæki, að málskot til dómstóla frestar réttaráhrifum úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála um breytingar á skipulagi þess, sbr. 41. gr. samkeppnislaga. Tryggir þetta réttaröryggi viðkomandi fyrirtækja og möguleika til að láta reyna á lögmæti kröfu samkeppnisyfirvalda um breytingar á skipulagi þeirra, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.
